
N O R Ð F I R Ð I N G U R

1. tölublað 1983 7. árgangur.

SÓLARKAFFI

Norðfirðingafélagsins verður haldið í Átthagasal Hótel Sögu, sunnudaginn 30. janúar 1983, kl. 15.00 stundvíslega.

Dagskrá: Kaffi og pönnukökur. Skólahljómsveit Mosfellssveitar leikur undir stjórn Birgis Sveinssonar. Kvikmyndasýning: þættir úr sögu heimabyggðarinnar og brugðið upp svipmyndum af ýmsum bæjarbúum í gegnum tíðina.

Mætum öll...

Viðtakandi: *el* .

Aðalfundur félagsins var haldinn
28. nóv. s.l. að Hótel Sögu,
Átthagasal.

Fundinn sátu um lóo manns sem
verður að teljast nokkuð gott af,
aðalfundi að vera. Þær breytingar
urðu á stjórn félagsins að Eiríkur
Stefánsson og Jón Benjamínsson
gengu úr stjórninni að þessu sinni
og eru þeim hér með þökkuð störf
í þágu félagsins. Í stað þeirra
voru kosin í stjórn þau Elsa
Christensen og Pálmar Magnússon
og eru þau boðin velkomin til
starfa.

Stjórn félagsins hafði fengið að
láni að heiman, afmælissýningu
S.Ú.N. yfirlitsmyndir af hálftrar
aldar starfsemi félagsins og gátu
fundarmenn skoðað sýninguna og
sumir hverjir séð sjálfa sig
fyrir. Jóhannes Stefánsson flutti
ágætis ræðu þar sem hann greindi
frá stofnun og starfsemi S.Ú.N.
og eru honum færðar bestu þakkir
fyrir. Formaður félagsins lagði
land undir fót s.l. haust og brá
sér á heimaslóðir og festi á

filmu einar 150 myndir sem hann sýndi á fundinum við góðar undirtektir. Við upphaf fundarins var veður hið fegusta, en er á fundinn leið, þá gerði hið versta hriðarveður og höfðu fundarmenn því ekki eins mikinn tíma til samræðna að myndasýningu lokinni og þeir hefðu kosið, þar sem allir kappkostuðu að ná til síns heima sem fyrst vegna yfirvofandi ófærðar.

Félagið okkar stendur nú á tímamótum, þar sem það verður 15 ára á þessu ári. Ákveðið hefur verið að halda veglega árshátíð af því tilefni þann 18. marz n.k. að Hótel Loftleiðum, Víkingasal. Stjórnin hvetur því félagsmenn til þess að fjölmenna á árshátíðina. Norðfirðingur mun þegar þar að kemur tilkynna nánar um dagskrá árshátíðarinnar.

Ennþá vantar mikið á að allir Norðfirðingar hér á Reykjavíkursvæðinu séu skráðir í félagið. Við hvetjum ykkur því til þess að láta vini og kunningja vita af félaginu okkar, þannig að þeir

geti tekið þátt í félagsstarfinu. Þeir sem enn eiga ógreidd félagsgjöld eru hér með eindregið hvattir til þess að greiða þau hið fyrsta.

Við vonum að sem flestir sjái sér fært að mæta á "Sólarkaffið" þann 30. janúar og að þá muni gefast góður tími til að ræða saman yfir kaffi og pönnukökum.

Mætum vel...

NORÐFIRÐINGUR

Útgefandi: Norðfirðingafélagið

Heiðarlundi 1,

210 Garðabæ.

Ritstjóri: Jón Karlsson.